

staka áherzlu, að húseignin gengi ekki úr ættinni. Hafa tvö vottorð verið lögð fram þeirri staðhæfingu til styrktar, sjá rskj. 8 og 9. Þannig megi líta svo á, að hlutafélagið Austurstræti 3 h/f sé í raun rétttri sameignarfélag, þar sem hluthafar allir séu annað tveggja, börn eða tengdabörn Jóns heitins Brynjólfssonar, og ætti félagið sem slikt að hafa allar sömu aðildir eins og hér væri um einfalda sameign að ræða.

Ekki skal það út af fyrir sig dregið í efa, að Jón heitinn Brynjólfsson hafi lagt á það áherzlu, að húseignin Austurstræti 3 gengi ekki úr ættinni, en hins vegar verður ekki séð, að reynt hafi verið að búa þannig um hnútana í reglum félagsins, að hluthafar væri á nokkurn hátt bundnir við að eiga hlutabréfin. Í stofnsamningi er einmitt tekið fram, að hlutabréf hljóði á handhafa.

Verður m. a. af þessari ástæðu ekki talið, að um sé að ræða neitt slíkt samband milli Austurstrætis 3 h/f og Brynjólfs J. Brynjólfssonar, að félagið geti sagt upp íbúð gerðarþola Brynjólfi til handa.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, og þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 150.00 í málskostnað.

Samning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna veikinda fógeta.

#### Þvi úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Austurstræti 3 h/f, greiði gerðarþola, Ólafiu Torfason, Austurstræti 3, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. febrúar 1948.

Nr. 11/1947. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Eggert Claessen f. h. N. C. Monberg A/S og gagnsök** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson  
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Greiðsluskylda samkvæmt skuldabréfi.

#### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1947. Gera þeir þessar kröfur:

*Aðalkrafa:* Að þeir verði algerlega sýknaðir og gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

1. *varakrafa:* Að þeim verði dæmt einungis að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 18 801.43 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

2. *varakrafa:* Að þeim verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1947 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 29. janúar 1947, krefst þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum d. kr. 55 878.28 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags svo og innheimtulaun isl. kr. 13 342.76, og málskostnað í héraði, isl. kr. 20 732.11, svo og málskostnað fyrir hæstarétti.

Styrjöldin olli því að vísu, að aðaláfrýjendur urðu þess ómegnugir að flytja fé til Danmerkur til greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfinu, sem í gjalddaga féllu eftir hernám landa þeirra, sem hér eiga í hlut. En þar sem skuldarlúkning og vaxta skyldi fara fram í Kaupmannahöfn í dönskum krónum, þá þykir eðlilegast að lita svo á, að ófæra sú til efnda, sem hlaut af styrjöldinni, hafi einungis frestað greiðsluefndum og framlengt vaxtaákvæðin, en hafi engin áhrif haft á það ákvæði skuldabréfsins, að innstæða skuldarinnar svo og vextir skyldu lúkast ákveðinni fjárhæð dansks gjaldeyris án tillits til gengis íslenzks gjaldeyris. Ber því aðaláfrýjendum að greiða eftirstöðvar á innstæðu skuldabréfsins þeirri fjárhæð danskra króna, sem þar greinir, svo og 5% ársvaxta af eftirstöðvum þessum, unz þær verða reiddar af hendi. Hins vegar er ekki efni til að dæma aðaláfrýjendur til greiðslu vaxtavaxta, þegar vegna orsaka þeirra, sem ollu truflun á skiptum aðilja.

Niðurstaðan er því sú, að dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags. Svo ber og að dæma gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Þykir hann hæfilega ákveðinn samtals ísl. kr. 14 000.00, og er við ákvörðun hans tekið tillit til kostnaðar gagnáfrýjanda af innheimtu.

### Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjar-sjóðs og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Eggert Claessen f. h. N. O. Monberg A/S, d. kr. 43 504.61 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags og samtals ísl. kr. 14 000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur N. C. Monberg A/S í Kaupmannahöfn höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. maí 1946 gegn bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjar-sjóðs Ísafjarðar og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu in solidum á d. kr. 211 895.85 ásamt 5% ársvöxtum og vaxtavöxtum af þeirri fjárhæð frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags, innheimtulaunum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands af allri dómkröfuupphæðinni og loks málskostnaðar að skaðlausu. Í framhaldsstefnu útgefinni 7. júní 1946 krafðist stefnandi þess, að stefndu yrðu enn fremur dæmdir til að greiða dráttarvexti, 1% p. a. af d. kr. 222 490.64 frá 22. ágúst 1940 til greiðsludags, auk 6% ársvaxtavaxta af dráttarvaxtafjárhæðinni. Loks krafðist stefnandi málskostnaðar í framhaldssök að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins orðaði stefnandi dómkröfur sínar á þá leið, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða

- a) eftirstöðvar síðargreinds skuldabréfs, d. kr. 211 895.85,
  - b) vexti og vaxtavexti ásamt dráttarvöxtum of þeim eftirstöðvum frá 22. ágúst 1939 til stefnudags, 4. maí 1946, d. kr. 97 855.76,
  - c) 5% ársvexti auk 1% dráttarvaxta eða 6% ársvexti af samtölu a) og b) frá 4. maí 1946 til greiðsludags,
  - d) innheimtulaun, kr. 13 342.76,
  - e) málskostnað að skaðlausu, kr. 20 732.11,
- allt að frádregnum d. kr. 242 878.55 með 6% ársvöxtum frá 2. september 1946.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, til vara, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða d. kr. 18 801.43 án vaxta, og til þrautavara, að þeim verði gert að greiða d. kr.

43 180.83 með 5% ársvöxtum frá 3. sept. 1946 og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með skuldabréfi, dagsettu 15. janúar 1936, viðurkenndi bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. hafnarsjóðs að skulda stefnanda d. kr. 363 250.00 vegna byggingar bátahafnar á Ísafirði. Skyldi skuldin bera 5% ársvexti, er taldir væru frá lokum verksins, 22. apríl 1934, en greiddast á 12 árum með jöfnum greiðslum, d. kr. 30 270.83 á ári hverju, og var gjalddagi afborgana og vaxta ákveðinn 22. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 1935. Greiðslur skyldu fara fram í skrifstofu stefnanda í Kaupmannahöfn, og væri eigi staðið í skilum á réttum tíma um greiðslu afborgana eða vaxta, skyldi öll skuldin, auk vaxta, áfallinna og áfallandi, fallin í gjalddaga, ef skuldareigandi krefðist árangurslaust í símskeyti eða ábyrgðarbréfi greiðslu innan tveggja vikna. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu þessarar auk vaxta og innheimtukostnaðar að skaðlausu, þar í talin málskostnaður og þóknun til málflutningsmanns. Fimm fyrstu greiðslurnar voru inntar af hendi og þegar án athugasemda frá hálfu stefnanda, að því er séð verði. Hinn 10. apríl 1940 var Danmörk hernumin og kveðast stefndu árangurslaust hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma greiðslu þeirri, er í gjalddaga féll 22. ágúst það ár, til stefnanda. Hinn 15. febrúar 1941 var greiðslan, eða öllu heldur jafnvirði hennar í íslenskum krónum miðað við gengi 125.78, lögð inn í sparissjóðsbók nr. 9507 við útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði. Var bók þessi merkt „Bátahöfn“ og geymd hjá hafnargjaldkera Ísafjarðar. Var ráðstöfun þessi gerð samkvæmt samþykkt hafnarnefndar Ísafjarðar hinn 6. febrúar 1941, svo hljóðandi: „III. Bæjarstjóri skýrði frá, að hann hefði talað við skrifstofustjóran í fjármálaráðuneytinu út af greiðslum vegna bátahafnarinnar til firmans Monberg í Kaupmannahöfn. Hefði skrifstofustjórin talið, að greiða skyldi féð inn á sérstaka kontó í banka. Nefndin samþykkir að leggja inn á sparissjóðsbók við Landsbankann merkt „Bátahöfn“ upphæð, er svarar afborgun og vöxtum f. 1940 kr. 51 400.77 aurar reiknað á gengi 125.78, enda gangi upphæð þessi til greiðslu á afborgun og vöxtum á skuldabréfi N. C. Monberg með gengi því, er gildi, þegar yfirfærsla verður framkvæmanleg, þó ekki hærra en gengi frá 9. apríl 1940.“ Hinn 8. marz 1941 var umboðsmanni stefnanda, Eggert hrl. Claessen, tilkynnt þessi ráðstöfun í símskeyti, en svar hans, 11. s. m., var á þá leið, að hann hefði ekki umboð stefnanda til að taka greiðslur gildar öðruvísi en samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins og mót-mælti hann því jafnframt, að fyrrgreind ráðstöfun hefði nokkurt gildi gagnvart stefnanda. Stefndi héldu áfram með sama móti að leggja greiðslur sínar í sparissjóðsbókina fyrir 1941—1945, að báðum meðtöldum, þar eð þeir töldu ókleift sem áður að koma þeim í danskri mynt í hendur stefnanda á meðan hernámi Danmerkur var

eigi af létt. Hinn 4. marz s. l. ritaði umboðsmaður stefnanda hinni stefndu bæjarstjórn og óskaði greiðslu á ógreiddum afborgunum samtals d. kr. 181 624.98 og ógreiddum vöxtum og vaxtavöxtum frá 22. ágúst 1939 til 22. ágúst 1945 d. kr. 72 064.86 eða samtals d. kr. 253 689.84. Kvaðst hann ekki mundu krefjast innheimtulauna, ef fjárhæð þessi yrði þegar goldin, en áskildi sér ella rétt til að gera kröfu til þeirra. Jafnframt taldi hann í bréfi þessu, að eftirstöðvar skuldarinnar yrðu þá d. kr. 30 270.87 með 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð og af fyrrgreindum d. kr. 253 689.84 frá 22. ágúst 1945 til greiðsludags. Bréf þetta var lagt fyrir hafnarnefnd Ísafjarðar á fundi hennar 29. marz s. l., og var gerð um það svo hljóðandi ályktun: „Nefndin leggur til að bréfinu sé svarað í samræmi við fengnar upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu og ráðstafanir séu gerðar til að innstæða sú, sem færð hefur verið á nafn N. C. Monberg A/S, verði yfirfærð á reikning skuldareiganda nr. 4940 í Köbenhavns Handelsbank í Kaupmannahöfn. Upplýsingar fjármálaráðuneytis eru þær, að slík lán greiðist með gengi 135,57, vaxtavextir ekki greiddir, ekki vextir af afborgunum né heldur dráttavextir. Hafnarnefnd felur hafnarstjóra (þ. e. bæjarstjóra) að annast framkvæmdir í þessu sambandi.“ Ályktun þessi var síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar hinn 3. apríl s. l., en ekki mun bréfinu þó hafa verið svarað á neinn hátt. Hinn 5. apríl sendi fyrrgreindur umboðsmaður stefnanda hinni stefndu bæjarstjórn svo hljóðandi skeyti: „Með því að þér hafið ekki svarað bréfi mínu 4. f. m. viðvikjandi skuldabréfskröfu Monbergs og ekkert greitt, krefst ég tafarlausrar greiðslu höfuðstóls og vaxta svo sem segir í bréfinu og innheimtulauna til mín samkvæmt lágmarks-taxta lögmannafélags Íslands stop Fari full greiðsla ekki fram innan tveggja vikna frá því þér takið við skeyti þessu, krefst ég f. h. skuldareiganda greiðslu allra eftirstöðva höfuðstóls vaxta og innheimtulauna.“ Með bréfi, dagsettu 13. s. m., tilkynnti hann fjármálaráðuneytinu, hversu komið var málum, og fylgdu bréfinu afrit framangreindra orðsendinga. Svör virðast engin hafa borizt umboðsmanninum fyrr en bæjarstjóri Ísafjarðar kom til Reykjavíkur, líklega 26. apríl s. l. Áttu þeir tal saman og síðast 3. maí, en að því loknu ritaði bæjarstjórinn umboðsmanninum og bauð fram greiðslu á d. kr. 254 274.98 auk vaxta þeirra, er bankinn hafði greitt fyrir innstæðufé í framangreindri sparisjóðsbók. Fjárhæð þessi var miðuð við gengi 135.57, en eigi gert ráð fyrir vaxtavöxtum né kostnaði, en hins vegar var í henni falin síðasta greiðslan, er samkvæmt skuldabréfinu skyldi falla í gjalddaga 22. ágúst 1946. Stefna í málinu var gefin út 4 maí sem fyrr segir, fám dögum fyrr en bréf bæjarstjórans kom í hendur umboðsmanninum, sem virðist ekki hafa talið, að þar væri um lögmælt greiðsluboð að ræða, en kveðst ekki sjá neitt athugavert við það, að stefndu greiddu beint til skuldareiganda hverja þá fjárhæð, er þeir teldu sér skylt að

greiða, en taldi, að slíkri greiðslu yrði ekki veitt viðtaka, nema með fyrirvara um viðbótargreiðslu samkvæmt væntanlegum dómi í málinu. Fyrir milligöngu Landsbanka Íslands var Den Danske Landmandsbank hinn 11. maí beiðinn að greiða í reikning stefnanda fyrrgreindar d. kr. 254 274.98, og var sú fjárhæð greind í afborganir kr. 211 895.85 og vextir kr. 42 379.13. Auk þess skyldi greiða d. kr. 7 405.00, er var talið jafnvirði vaxta þeirra, sem áður greinir að Landsbankinn hafði goldið. Fé þetta skyldi greitt stefnanda gegn fullnaðarkvittun á skuldabréfið. Stefnandi neitaði að taka við fénu með þessu skilorði. Hinn 3. september s. l. voru stefnanda síðan greiddar d. kr. 242 878.55 gegn venjulegri viðurkenningu, en kr. 18 801.43 skyldu standa eftir og ekki greiddar stefnanda nema með fyrrgreindu skilorði.

Stefndu hafa byggt sýknukröfu sína á því, að alger ómöguleiki hafi valdið því, að greiðslum varð ekki komið til stefnanda á tilteknum gjalddögum, en hins vegar hafi engin tregða verið af þeirra hálfu um greiðslur. Allar greiðslurnar hafi verið greiddar í framangreindan sparisjóðsreikning á réttum gjalddögum, er undan sé skilin fyrsta greiðslan (1940), og sé það bæði afsakanlegt og skiljanlegt, að nokkurn tíma hafi tekið að reyna fyrir sér um yfirfærslu og að komast niður á fyrirkomulag það, sem upp var tekið í staðinn. Telja þeir, að eins og á stóð, hafi greiðslurnar verið inntar af hendi á lögmætan hátt með því að „deponera“ fénu, eins og gert var. Gengi danskrar krónu var skráð hér á landi kr. 125.78 síðast áður en Danmörk var hernumin, og telja þeir því rétt að miða greiðslur sínar við það gengi, er ekki breyttist hér á landi fyrr en 10. september 1945. Þess vegna telja þeir sig hafa átt að standa stefnanda skil á hinu „deponeraða“ fé, er jafngilti d. kr. 203 689.18, afborgun (eftirstöðvum) er féll í gjalddaga 22. ágúst 1946, d. kr. 30 270.83, vöxtum af henni d. kr. 1 513.54 og fyrrgreindum d. kr. 7405.00, eða samtals þeirri fjárhæð, er stefnandi hefur þegar veitt viðtöku.

Varakrafa stefndu styðst við öll hin sömu rök, þó aðallega, að þar eð afborganir hafi verið goldnar á réttum gjalddögum í sparisjóðsbókina, beri stefndu ekki að svara vöxtum af hverri afborgun lengur en til gjalddaga hennar. Fjárhæð varakröfunnar er miðuð við það, að bætt sé við hið „deponeraða“ fé svo miklu, að nægi til þess að reikna með gengi 135.57, sem nú er skráð gengi danskrar krónu hér á landi, og er það í samræmi við boð bæjarstjóra, sem getið var hér að framan.

Þrautavarakrafan byggist á því, að stefnandi verði talinn eiga kröfu til höfuðstóls skuldarinnar (kr. 211 895.85) með 5% ársvöxtum frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags (3. sept. s. l.), samtals d. kr. 286 059.38, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem áður getur og greidd var 3. september.

Stefndu hafa eindregið mótmælt kröfu stefnanda um vaxtavexti

sem heimildarlausri. Kröfu stefnanda um dráttarvexti hafa þeir einnig mótmælt og á þeim grundvelli, að óheimilt sé að draga hana inn í málið samkvæmt 2. mgr. 70. gr. einkamálalaganna. Þá hafa stefndu og haldið því fram, að óheimilt sé að krefjast hvorttveggja í senn, innheimtulauna og málf lutningslauna af sömu kröfu, og heldur ekki heimilt samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að miða slíkar þóknanir við höfuðstól skuldar að viðbættum vöxtum.

Ljóst er af framanrituðu, að hin stefnda bæjarstjórn hafði eftir sem áður óskoraðan umráðarétt yfir fé því, er hún taldi sig hafa „deponerað“, enda má ráða það af framangreindri samþykkt hafnarnefndar frá 6. febrúar 1941, að stefnanda skyldi ekki greitt allt féð, þegar yfirfærsla yrði framkvæmanleg, ef gengi danskrar krónu yrði þá lægra en það var 9. apríl 1940. Verður því eigi talið, að stefndu hafi að þessu leyti fullnægt skyldum sinum samkvæmt skuldabréfinu með greindri ráðstöfun. Verður því eigi séð, að stefndu hafi leitt rök að heimild sinni til að miða greiðslur sínar öðrum þræði við gengi danskrar krónu hér á landi eins og það var árið 1940. Er því eigi unnt að taka sýknukröfu þeirra til greina.

Varakröfu stefnda er og eigi unnt að taka til greina, þar eð ljóst er af framanrituðu, að afborganir hafa eigi verið greiddar á réttum gjaldldögum.

Samkvæmt framanrituðu ber stefndu því að greiða stefnanda eftirstöðvar skuldabréfsins, d. kr. 211 895.85 með 5% ársvöxtum frá 22. ágúst 1939 til greiðsludags, að frádregnum d. kr. 242 878.55, sem eins og áður segir voru greiddar 3. september 1946. Samkvæmt óvæfengndum reikningi stefndu nemur mismunurinn d. kr. 43 180.83, og verða þeir því dæmdir in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar með 5% ársvöxtum, er teljast frá þeim degi. Hins vegar verður krafa stefnanda um vaxtavexti ekki til greina tekin, þar eð eigi verður séð, að hún eigi stoð í skuldabréfinu eða verði byggð á öðrum heimildum. Þá þykir og verða að fallast á mótmæli stefndu gegn kröfum stefnanda í framhaldssök, enda verður eigi annað séð en að stefnandi hafi mátt hafa hana uppi þegar í öndverðu. Verður þeim því vísað frá dómi, en rétt þykir, að málskostnaður í framhaldssök falli niður. Samkvæmt framanrituðu hafa stefndu ekki innt af höndum neinar greiðslur áður en mál þetta var höfðað, þótt unnt hafi verið að yfirfæra fé til Danmerkur frá og með 10. september 1945 og ekki verður séð, að stefndu hafi gert nokkra tilraun til þess eða að semja við stefnanda fyrr en í apríllök 1946, þrátt fyrir áskoranir umboðsmanns hans 4. marz og 5. apríl s. l. Þykir því rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðinn verður með hliðsjón af fjárhæð eftirstöðva höfuðstóls skuldabréfsins á stefnudegi. Kröfur stefnanda um innheimtulaun er hins vegar eigi unnt að taka til greina gegn mótmælum stefndu, enda er það ljóst af ákvæðum lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags

Íslands, að sé skuld innheimt með málssókn, koma málflutningslaun í stað innheimtulauna.

Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 10 000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dráttur á uppsögn hans stafar af embættisönnum.

D ó m s o r ð :

Framangreindum kröfum í framhaldssök er vísað frá dómi, en málskostnaður falli niður í henni.

Stefndi, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði in solidum stefnanda N. C. Monberg A/S danskar krónur 43 180.83 með 5% ársvöxtum frá 3. september 1946 til greiðsludags og islenskar krónur 10 000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. febrúar 1948.

Nr. 52/1947. **Guðjón H. Sæmundsson**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Jóhönnu Pálmadóttur**

(Hrl. Guttormur Erlendsson).

Húsaleigumál. Sératkvæði.

**Dómur hæstaréttar**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí f. á. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fyrir húsaleigunefnd og fógetadómi byggði áfrýjandi kröfu sína um, að stefndi viki úr íbúð þeirri, er hún hefur í húsi áfrýjanda, á þeim atvikum, er nú verða rakin í höfuðatriðum.